

Fundargerð 35. fundar

skipulagsmálanefndar sambandsins

Árið 2019, mánudaginn 27. maí kl. 13:45 kom Skipulagsmálanefnd sambandsins saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Bárður Guðmundsson, Dagbjört Jónsdóttir, Gauti Jóhannesson, Hrafnkell Á. Proppé og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri lögfræði- velferðarsviðs, Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, Helga Guðrún Jónsdóttir samskiptastjóri og Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Staða þingmála - 1810076SA

Guðjón Bragason fór yfir yfirlit um stöðu þingmála er lagt var fram til kynningar og umræðu og svaraði spurningum nefndarmanna.

2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um loftslagsmál, nr. 70/2012 - óskað umsagnar - 1902031SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins um frumvarp um stjórnsýslu loftslagsmála, ásamt bókun stjórnar sambandsins frá 11. apríl sl., þar sem áréttuð er krafa um aðkomu sveitarfélaga að gerð og eftirfylgni aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Áður en frumvarpið var lagt fram á Alþingi var gerð á því breyting sem mætir kröfum sambandsins um sæti í verkefnisstjórn um aðgerðaáætlun.

3. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, aðkoma sveitarfélaga - 1809044SA

Eygerður Margrétardóttir hefur tekið sæti í verkefnisstjórn um aðgerðaáætlun í loftslagsmálum f.h. sambandsins en Eygerður tók við starfi sérfræðings í úrgangs- og umhverfismálum 1. apríl sl. Hún gerði stuttlega grein fyrir helstu álitafnum sem rædd hafa verið í verkefnisstjórninni og hvernig áherslum í umsögn sambandsins um drög að aðgerðaáætlun er fylgt eftir á þeim vettvangi.

Gestur fundarins undir þessum lið var Jakob Sigurður Friðriksson, viðskiptaþróunarstjóri OR. Kynnti Jakob vinnu Reykjavíkurborgar, Akraness, OR og Veitna ohf. við gerð áætlunar um orkuskipti í samgöngum.

4. Fundur um aukið samstarf sveitarfélaga á sviði umhverfismála 19. júní 2019 - 1903031SA

Eygerður Margrétardóttir og Helga Guðrún Jónsdóttir kynntu fyrirhugaðan

stofnfund samstarfsvettvangs sveitarfélaga um heimsmarkmiðin og loftslagsmál 19. júní nk. Markmiðið er að ná fulltrúum sveitarfélaga saman til að ræða möguleika á samstarfi þeirra um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og aðgerða á sviði loftslagsmála. Ákvörðun um samstarfsvettvanginn var tekin í ljósi mikils áhuga sveitarfélaga á þessum málefnum, eins og fram kom á málþingum sem sambandið hélt fyrir á þessu ári.

Skipulagsmálanefnd finnur fyrir miklum vilja sveitarfélaga til að vinna skipulega að þessum málefnum og telur mikilvægt að koma á öflugum samstarfi sveitarfélaga um innleiðingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og aðgerða í loftslagsmálum. Nefndin væntir góðrar þátttöku á stofnfundi um slíkt samstarf sem haldinn verður 19. júní n.k.

5. Nefnd um stofnun þjóðgarðs á miðhálandinu - 1803004SA

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir umsögnum um textadrög þverpólítískrar nefndar sem vinnur að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands um: skilgreiningu marka þjóðgarðsins, áherslur um skiptingu landsvæða í verndarflokka, umfjöllun um aðkomuleiðir og þjónustumiðstöðvar. Umsagnarfrestur er til 30. júní. Jafnframt var lögð fram til kynningar umsögn sambandsins um áherslur í stjórnar- og verndaráætlun fyrirhugaðs þjóðgarðs, dags. 17. apríl 2019.

Dagbjört Jónsdóttir, sem er fulltrúi sambandsins í starfshópi um þetta verkefni, fór yfir drögin og helstu álitæfni í þeim. Að hennar áliti er skjalið sem nú er sett fram til kynningar í samræmi við umfjöllun á kynningarfundum með sveitarfélaginu um verkefnið.

Skipulagsmálanefnd leggur áherslu á að gott samráð verði við hlutaðeigandi sveitarfélög um gerð umsagnar sambandsins um málið.

6. Frumvarp til laga um fiskeldi - áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl., 647. mál - óskað umsagnar - 1903029SA

Helga Guðrún Jónasdóttir og Gauti Jóhannesson gerðu grein fyrir stöðu frumvarps um breytingar á ýmsum lögum um fiskeldi og frumvarps um gjalddöku af fiskeldisstarfsemi. Lögð voru fram vinnuskjöl frá lögfræði- og velferðarsviði um breytingar sem atvinnuveganefnd Alþingis leggur til á frumvörpunum. Jafnframt var athygli nefndarmanna vakin á því að komin er fram til umsagnar drög að reglugerð um strandsvæðaskipulag.

Skipulagsmálanefnd telur brýnt að gjaldtaka af fiskeldismannvirkjum í strandsjó verði með sambærilegu móti og gjaldtaka af fasteignum á landi og að sveitarfélögum verði þar með tryggður sjálfstæður tekjustofn af fiskeldisstarfsemi. Eins og frumvarpið um gjalddöku vegna fiskeldis í sjó og stofnun fiskeldissjóðs er sett fram, með óverulegum breytingum frá atvinnuveganefnd Alþingis, er löggjafinn að fara gegn tillögum auðlindastefnufundar frá 2011 og starfshóps um fiskeldi frá 2017.

Jafnframt áréttar skipulagsmálanefnd að sveitarfélögin hafa um langa hríð lagt áherslu á að skipulag strandsvæða, allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar verði á forræði sveitarfélaganna og telur nefndin miður að á þá afstöðu hefur ekki verið hlustað. Nú er svo komið að sveitarfélögin hafa lítið um það

að segja hvernig nýtingu flóa og fjarða er háttað. Eftir sitja sveitarfélögin með umhverfiskostnaðinn og þá áhættu sem fylgir uppbyggingu innviða á þeim svæðum þar sem sjókvíaeldi er stundað. Þannig hefur löggjafinn ekki staðið nægilega vörð um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga. Sambandið mun óska eftir fundi með atvinnuveganefnd um málið.

7. Átakshópur um aukið framboð á íbúðum til að bæta stöðu á húsnæðismarkaði - 1812018SA

Lögð fram til kynningar stöðuskýrsla Íbúðalánasjóðs - Húsnæði fyrir alla, þar sem farið er yfir stöðu þeirra 40 tillagna sem átakshópur um aðgerðir í húsnæðismálum lagði fram í janúar. Tryggvi Þórhallsson sat fundinn undir þessum lið og fór nánar yfir stöðu nokkurra verkefna en framundan eru m.a. kynningarfundur Íbúðalánasjóðs úti í landshlutunum. Tryggvi gerði einnig stuttlega grein fyrir meginatriðum umsagnar um drög að frumvarpi um breytingar á lögum um almennar íbúðar.

Fundi var slitið kl. 16:30

Bárður Guðmundsson

Dagbjört Jónsdóttir

Gauti Jóhannesson

Hrafnkell Á. Proppé

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir